



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Efni: Bið eftir frumgreiningu og samþykktri þjónustu.

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er það hlutverk embættis umboðsmanns barna að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna með því að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá ber umboðsmanni jafnframt að stuðla að því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 19/2013, sé virtur ásamt öðrum alþjóðasamningum sem varða réttindi og velferð barna.

Umboðsmaður barna hefur frá því í desember 2021 birt tvisvar á ári upplýsingar um bið eftir þjónustu m.a. hjá Geðheilsumiðstöð barna og Ráðgjafar- og greiningarstöð. Þar hefur biðtími eftir greiningu vegna gruns um ADHD og einhverfu lengst stöðugt á síðustu árum og er nú tvö til þrjú ár. Umboðsmaður barna er meðvitaður um að þessar upplýsingar varpa aðeins ljósi á hluta þess tíma sem börn þurfa að bíða. Í mörgum tilvikum hefur barnið beðið hjá sínu sveitarfélagi eftir frumgreiningu og það eru dæmi um að heildarbiðtími barns eftir greiningu sé upp undir fimm ár. Til þess að varpa betur ljósi á heildarbiðtíma barna hefur umboðsmaður barna ákveðið að óska eftir upplýsingum um biðtíma barna eftir frumgreiningu hjá tuttugu fjölmennustu sveitarfélögum landsins. Embættið mun birta upplýsingarnar í september þegar upplýsingar um bið eftir þjónustu verða birtar næst.

Umboðsmaður barna óskar einnig eftir upplýsingum um bið barna eftir samþykktri þjónustu sem veitt var á grundvelli laga nr. 40/1991 og laga nr. 38/2018 árin 2024 og 2025. Óskað er eftir upplýsingum um hvort og þá hvenær áætlað fjármagn þjónustu hafi klárast á þessum árum, hversu mörg börn biðu þá eftir viðkomandi þjónustu og hver lengsti biðtími var frá því að ákvörðun lá fyrir um þjónustu þar til þjónusta hófst. Þá er einnig óskað eftir upplýsingum um hvort aðrar takmarkanir á þjónustugetu sveitarfélagsins hafi orðið til þess að tafir hafi orðið á veitingu þjónustu. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um hvaða reglur eða viðmið gildi varðandi forgangsörðun umsókna og hvaða þjónustu sé boðið upp á meðan beðið er eftir samþykktri þjónustu, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 38/2018.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Þess er óskað að upplýsingar berist fyrir 1. september nk.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna